

Fimmtudaginn 16. október 1997.

Nr. 32/1997.

Malkhaz Nanava

(Sigmundur Hannesson hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson hrl.)

Gæsluvarðhald. Skaðabótamál. Stjórnarskrá. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Arnljótur Björnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. janúar 1997 og krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 3.200.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. nóvember 1995 til 21. mars 1996, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags. Einnig krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar stefnufjárhæðar.

I.

Í héraðsdómi er lýst í stórum dráttum atburðum, sem urðu í kjölfar þess, að tvær íslenskar konur fóru um borð í togarann Atlantic Princess á öðrum eða þriðja tímanum aðfaranótt 16. júní 1995. Atburðir þessir leiddu til þess, að áfrýjandi var ákærður fyrir kynferðisbrot gegn annarri konunni. Svo sem greinir í dóminum, var áfrýjandi handtekinn 3. ágúst 1995. Þá lá fyrir bráðabirgðaskýrsla frá erlendri rannsóknarstofnun í réttarlæknisfræði, sem sýndi, að sæði úr kynfærum konu þessarar hafði sömu einkenni og blóðsýni úr áfrýjanda. Jafnframt kemur fram í skýrslunni, að einkenni þessi hafi ekki komið fram í sýnum, sem tekin voru úr fimmtán öðrum skipverjum að beiðni Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 3. ágúst 1995 kvaðst áfrýjandi ekki hafa hitt konurnar tvær í skipinu eða annars staðar og ekki hafa vitað um þær um borð, fyrr en hann frétti um þær daginn eftir umrædda atburði. Hafi hann verið sofandi í klefa sínum frá því upp úr miðnætti. Eftir að áfrýjanda voru við sama tækifæri kynntar niðurstöður bráðabirgðaskýrslunnar, kvaðst hann vera saklaus og

staðhæfði, að hann hefði ekki átt neins konar kynmök eða önnur samskipti við konuna. Áfrýjandi hélt hinu sama fram fyrir dómi, áður en hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald, og ítrekaði þá, að hann hefði ekki séð konur um borð umrædda nótt. Hefur hann ekki hvikað frá þessum framburði sínum síðar.

Í lokaskýrslu réttarlæknisfræðistofnunarinnar 20. október 1995 kemur meðal annars fram það álit rannsóknarmanna á grundvelli svonefndrar DNA-rannsóknar, að sæði úr ytri kynfærum og leghálsi konunnar hljóti að vera úr áfrýjanda. Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, taldi Héraðsdómur Reykjaness 17. nóvember 1995 í opinberu máli, sem höfðað var gegn áfrýjanda, að DNA-rannsóknin væri mjög öruggt sönnunargagn og að mati sérfróðs meðdómara hefði ekkert komið fram, sem rýrði sönnunargildi hennar. Þótti sannað, að áfrýjandi hefði haft samfarir við konuna umrætt sinn.

Með áðurnefndum dómi Héraðsdóms Reykjaness 17. nóvember 1995, sem ekki var áfrýjað, var áfrýjandi sýknaður af kröfum ákærvalds. Þær lutu samkvæmt ákæru að broti á 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Málið var einnig flutt og reifað með hliðsjón af 196. gr. hegningarlaga. Rök dómsins fyrir sýknu af ákæru vegna fyrrnefnda ákvæðisins voru í meginatriðum þau, að ekki væri nægum gögnum til að dreifa um samhengi ætlaðrar nauðgunar og kynmaka ákærða við vitnið. Um síðarnefnt ákvæði segir meðal annars í dóminum, að varhugavert þyki að telja næga sönnun fram komna, til að verknaður ákærða verði færður undir 196. gr. hegningarlaga.

II.

Ekki verður talið, að ákvæði 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 5. gr. stjórnskipunarлага nr. 97/1995, verði skýrt svo, að með því sé sakborningi veittur ríkari réttur til bóta úr ríkissjóði en mælt er fyrir um í XXI. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála eða leiðir af almennum skaðabóta-reglum.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er staðfest sú niðurstaða, að áfrýjandi eigi ekki skaðabótarétt á grundvelli 176. gr. laga nr. 19/1991.

Þegar litið er til þess, sem að framan greinir, og forsendna hins áfrýjaða dóms, er fallist á þá niðurstöðu hans, að áfrýjandi hafi orðið ber að ósannindum við meðferð hins opinbera máls, sem ákæru-

valdið höfðaði gegn honum. Verður að telja, að hann hafi með vísitandi röngum framburði valdið því, að sterkur grunur beindist að honum um að hafa framið nauðgunarbrot og orðið þannig til þess, að hann var látinn sæta gæsluvarðhaldi með heimild í 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Þegar af þeirri ástæðu eru ekki lagaskilyrði til að taka bótakröfu hans til greina, sbr. a-lið 1. mgr. 175. gr. laga nr. 19/1991. Verður héraðsdómur því staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, 100.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Malkhaz Nanava, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. desember 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 17. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. E-1576/1996: Malkhaz Nanava gegn íslenska ríkinu.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. nóvember sl., er höfðað með stefnu, út gefinni 10. mars sl. og birtri 18. mars sl.

Stefnandi er Malkhaz Nanava, kt. 240361-2059, georgískur ríkisborgari.

Stefndi er Friðrik Sophusson fjármálaráðherra, kt. 181043-4669, f. h. íslenska ríkisins, kt. 540269-6459, vegna ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda miskabætur, að fjárhæð 3.200.000 kr., ásamt meðalvöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga frá 17. nóvember 1995 til 21. mars 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð sú krafa, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, að mati réttarins auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun. Stefnanda var með bréfi dómsmálaráðherra, dagsettu 1. mars 1996, veitt gjafsókn vegna þessa máls.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins, en til vara er þess krafist, að stefnufjárhæð verði stórlega lækkuð og málskostnaður felldur niður.

Málavextir eru þeir, að konurnar S og Ó hittust að kvöldi 15. júní 1995 á Hafnarkránni hér í borg og héldu síðar um nóttina til Hafnarfjarðar og fóru um borð í skipið Atlantic Princess, sem lá í Hafnarfjarðarhöfn og var ætlun þeirra að kaupa þar bjór af skipverjum. Kl. 4.40 um nóttina fóru konurnar á lögreglustöðina í Hafnarfirði og skýrðu svo frá, að einhverjir skipverjar hefðu nauðgað þeim um nóttina um borð í skipinu. Konurnar voru færðar á neyðarmóttöku slysadeildar Borgarspítalans, þar sem þær fengu réttarlæknisfræðilega skoðun, og gáfu síðan skýrslu hjá RLR. Samkvæmt vottorði Arnars Haukssonar kvensjúkdómalæknis var Ó í „sjokki“, leið illa, en sló úr og í og vildi gera sem minnst úr atburðum, en grét á milli og kvað sér líða eins og skítaklessu. Þá fann læknirinn greinileg merki um valdbeitingu við konuna og taldi andlegt ástand hennar benda til, að saga hennar væri raunsönn. Í skýrslu Ó hjá RLR kemur fram, að þeim hafi verið boðið til káetu á efsta þilfari skipsins, og voru þar bornar veitingar fyrir þær og áfengi. Hafi verið þarna inni sex karlmenn alls, og kvaðst Ó fljótlega hafa fundið verulega á sér, eftir að hún drakk tvö glös af bragðsterku áfengi. Hafi tveir menn síðan farið með S út, og hafi þá maður, sem hafði áður sýnt Ó ágengni, lagt hana harkalega á bekk og þröngvað henni til samræðis í leggöng og í munn. Eftir að þessi maður hafði lokið sér af, hefði annar maður komið og þröngvað henni til samræðis í endaparm. Kærendur gátu ekki nafngreint þá menn, er þær báru sökum, en lýstu þeim nokkuð, og tók RLR þá til bragðs að láta fara fram sakbendingu á norðurbakka Hafnarfjarðarhafnar með þeim hætti, að 67 menn af áhöfn skipsins röðuðu sér upp, og var Ó ekið í lögreglubifreið meðfram þessari röð skipverja í fjögurra metra fjarlægð. Benti hún á þá tvo menn, er hún taldi, að hefðu þröngvað sér til samræðis, og fjóra aðra menn, er hún taldi hafa verið á vettvangi, og var stefnandi ekki meðal þeirra manna, er hún benti á. S benti á þá menn, er hún taldi koma til greina sem gerendur, og auk þess benti hún á stefnanda, sem hún kvaðst hafa séð á skipinu. Í kjölfar þessarar sakbendingar voru 21. júní 1995 tekin blóðsýni úr 16 skipverjum, þar á meðal stefnanda, til DNA-samanburðarrannsóknar við sýni af sæðisblettum, sem tekin voru úr líkama og fatnaði kærenda. Hinn 20. júlí lágu fyrir bráðabirgðaniðurstöður Bente Mevåg, yfirverkfræðings við Réttarlæknisfræðistofnun Háskólans í Osló í Noregi, en samkvæmt þeirri niðurstöðu reyndust sæðissýni úr leggöngum Ó hafa sama mynstur erfðamarka og greindust í blóði stefnanda.

Stefnandi var handtekinn 3. ágúst 1995, og við yfirheyrslur hjá RLR neitaði hann öllum sakargiftum og kannaðist ekki við að hafa séð konurnar um borð í skipinu og kvaðst ekkert hafa vitað um ferðir þeirra, fyrr en hann frétti um þær daginn eftir. Hefur stefnandi haldið fast við þennan framburð sinn. Hinn 4. ágúst 1995 gerði RLR þá kröfu fyrir Héraðsdómi Reykjaness, að stefnanda yrði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi til 30. ágúst 1995, og með úrskurði, upp kveðnum daginn eftir, var fallist á kröfu RLR með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Í úrskurðinum er tekið fram, að hvorki rannsóknarhagsmunir né nauðsyn tryggingar fyrir nærveru stefnanda réttlæti gæsluvarðaldsvist, en bent er á, að bráðabirgðaniðurstöður DNA-rannsóknar felli sterkan grun á, að stefnandi hafi framið verknað gegn Ó, er varðað geti við 194. gr. almennra hegningarlaga. Stefnandi undi úrskurði þessum.

Hinn 17. ágúst 1995 lá fyrir áfangaskýrsla norska sérfræðingsins, þar sem fyrri niðurstaða um stefnanda var staðfest. Með ákæru, dagsettri 30. ágúst 1995, var höfðað opinbert mál á hendur stefnanda og öðrum skipverja, og var stefnanda gefið að sök að hafa í félagi við aðra skipverja þröngvað konunni Ó með ofbeldi til holdlegs samræðis og munnmaka, og var þessi verknaður stefnanda talinn varða við 194. gr. almennra hegningarlaga. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 31. ágúst 1995, var stefnanda gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi til 4. október 1995 á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Stefnandi kærði úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands, sem með dómi, upp kveðnum 6. september 1995, staðfesti hann með vísan til forsendna hans. Hinn 13. september 1995 var ofangreint sakamál þingfest í Héraðsdómi Reykjaness, og 4. október 1995 var gæsluvarðhald stefnanda framlengt til 3. nóvember 1995 á grundvelli sömu lagagreinar og áður. Þessi úrskurður var ekki kærður til Hæstaréttar Íslands.

Hinn 20. október 1995 lágu fyrir lokaskýrslur Réttarlæknisfræðistofnunarinnar við Háskólann í Osló um DNA-erfðamarkarannsóknina, og eru þær undirritaðar af Björnari Olaisen prófessor, Bente Mevåg yfirverkfræðingi og Randi Helland deildarverkfræðingi. Var niðurstaða þeirra sú, að þau staðfestu, að sæði í sýni úr ytri kynfærum og á leghálsi Ó væru úr stefnanda og að yfirgnæfandi líkur væru á því, að sæði í sýni úr skoðunaráhaldi væri einnig frá stefnanda. Þá bentu niðurstöður þeirra til þess, að allt að sex manns hefðu haft kynmök við Ó.

Aðalmeðferð sakamálsins fór fram í Héraðsdómi Reykjaness dagana 25. og 26. október 1995, og með úrskurði, upp kveðnum 3. nóvember, var gæsluvarðhald stefnanda framlengt til 17. nóvember 1995, og með dómi,

upp kveðnum 7. nóvember 1995, staðfesti Hæstiréttur Íslands gæsluvarðhaldsúrskurðinn. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 17. nóvember 1995, var stefnandi sýknaður af kröfum ákærvaldsins í málinu og bótakröfu Ó á hendur honum vísað frá dómi, en annar skipverji sakfelldur fyrir kynferðisbrot gagnvart S og verknaður hans talinn varða við 196. gr. almennra hegningarlaga.

Í ofangreindum dómi segir, að ljóst sé af niðurstöðum DNA-rannsóknar, að stefnandi hafi fellt sæði í leggöng Ó, og verði að telja, að það hljóti að hafa gerst við samfarir um leggöng. Þá segir eftirfarandi í dóminum: „Rannsókn þessi verður að teljast mjög öruggt sönnunargagn, og að mati hins sérfróða meðdómanda hefur ekkert komið fram, sem rýrir sönnunargildi hennar í málinu.“

Í dóminum er sýkna stefnanda rökstudd með eftirgreindum hætti: „Þegar litið er til þess, sem fram kemur hjá Ó..., um manninn, sem fyrst hafði við hana kynmök, og þeirra áverka, sem hún hafði skv. læknisvottorði, er mjög líklegt, að henni hafi verið þröngvað til samræðis af þeim manni. Lýsing í ákæru á ætluðu broti ákærða er augsýnilega miðuð við atvikalýsingu Ó... hjá RLR. Ó... hefur bæði hjá RLR og hér fyrir dómi lýst því, að það hafi verið annar maður eða svo nefndur boxari, sem væri sekur um þennan verknað, og gat hún ekki bent á hann við sakbendingu, og hefur rannsókn málsins ekki leitt til þess, að hann hafi verið ákærður. Þegar niðurstöður DNA-bráðabirgðarannsóknar lágu fyrir, var ljóst, að ákærði, Malkhaz Nanova, hlaut að hafa haft kynmök við Ó... um leggöng og felld til hennar sæði, en frásögn hennar um fyrsta manninn, sem hafði þvingað hana til maka, var á þá leið, að hann hefði ekki felld til hennar sæði í leggöng, heldur orðið sáðlát við munnmök. Ó... hefur hvorki við skýrslutöku hjá RLR né hér fyrir dómi lýst því á skýran hátt, að ákærði hafi haft við hana kynmök um leggöng, né hefur hún lýst, hverjar voru þvingunaraðgerðir hans við þau mök. Þau mök, sem hún hefur bendlað ákærða við, eru mök um endaparm, en það fær engan veginn stoð í niðurstöðum DNA-rannsóknarinnar um ákærða. ... Ekki þykir því framburður vitnisins einn og sér nægjanleg sönnun um, að ákærði hafi gerst sekur um þá valdbeitingu, sem hann er sakaður um, og ekki er öðrum gögnum til að dreifa um, að samhengi sé milli ætlaðrar nauðgunar svonefnds boxara og kynmaka ákærða við vitnið, og ber því að sýkna ákærða af því að hafa með þeim brotið 194. gr. almennra hegningarlaga.“

Heimilað var, að sakamálið yrði flutt miðað við, að verknaður stefnanda gæti átt við 196. gr. almennra hegningarlaga, og er niðurstaða dómsins svolhljóðandi: „Þegar litið er til þess, sem vitnið hafði drukkið, áður en það fór

um borð í togaran, og framburðar þess hjá lögreglu og þess, sem kemur fram um ástand þess, er það fór úr togaranum, og að engin sérstök skýring er á því, hvers vegna það lýsti ekki þessu ölvunardái sínu við frumrannsókn, og ekkert annað styður það, að hún hafi verið án meðvitundar vegna drykkju, þykir varhugavert miðað við, hve vitnið er óstöðugt í framburði, að telja næga sönnun fram komna, til að verknaður ákærða verði færður undir þessa grein, og ber að alsýkna ákærða, Malkhaz Nanava, af kröfum ákærvaldsins.“

Málsástæður og lagarök.

Kröfur stefnanda byggjast á því, að með ofangreindum dómi hafi stefnandi verið alsýknaður af öllum kröfum ákærvalds, og hafi dómi þessum ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Hafi stefnanda verið gert að sitja í gæsluvarðhaldi í algjörri einangrun í Síðumúlafangelsi í 21 dag og síðan í lausagæslu í 86 daga. Er stefnufjárhæð þannig sundurliðuð, að miskabætur vegna einangrunar í 21 dag séu 50.000 krónur á dag eða 1.050.000 krónur og miskabætur vegna lausagæslu í 86 daga 25.000 krónur á dag eða 2.150.000 krónur. Ljóst megi vera, að stefnandi, sem er georgískur ríkisborgari, hafi þjádöst bæði andlega og líkamlega vegna þessarar löngu gæsluvarðhaldsvistar í framandi landi.

Samkvæmt stjórnarskránni eigi stefnandi lögvarinn rétt til miskabóta úr hendi stefnda, en 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar er svohljóðandi: „Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju, skal hann eiga rétt til skaðabóta.“ Þá sé réttur stefnanda studdur af 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, l. nr. 62/1994, og 9. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnómálaleg réttindi, augl. nr. 10/1979.

Þá séu kröfur stefnanda settar fram og mótaðar á grundvelli XXI. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, einkum 175. gr., 176. gr. og 179. gr. laganna, sbr. og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Stefnandi reisir málskostnaðarkröfu sína m. a. á 3. tl. 129. gr. laga nr. 91/1991 svo og á tilvitnuðum ákvæðum laga um meðferð opinberra mála. Vaxtakrafa stefnanda er reist á 7. gr. og 15. gr. vaxtalaga, og dráttarvaxtakröfur eru reistar á III. kafla sömu laga. Krafa um greiðslu virðisaukaskatts af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988.

Stefndi styður kröfur sínar því, að ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar veiti stefnanda ekki sjálfstæðan efnislegan bótarétt, enda bótaréttur nægjanlega tryggður með bótareglum XXI. kafla laga nr. 19/1991. Stefnandi heldur því fram, að lagaskilyrðum bótaréttar stefnanda sé ekki til að dreifa.

Stefndi byggir á því, að ótvírætt sé, að stefnandi hafi haft samfarir við Ó og felld til hennar sæði, en stefnandi hafi þráfaldlega neitað að hafa átt kyn-

mök eða nokkur önnur samskipti við Ó. Hafi stefnandi með ósönnum framburði sínum um þessi atvik málsins, sem var til þess fallinn að torvelda rannsókn þess, glatað rétti til bóta úr hendi stefnda og ákvæðum a-liðar 175. gr. laga nr. 19/1991 af þeim sökum engan veginn fullnægt.

Stefndi vísar til þess, að samkvæmt b-lið 175. gr. laga nr. 19/1991 megi aðeins taka kröfu sakaðs manns um bætur til greina, ef hann er sýknaður í opinberu máli með óáfrýjuðum dómi vegna sönnunarskorts, enda megi fremur telja hann líklegan til að vera saklausan af háttseminni en sekan. Vottorð kvensjúkdómalæknis bendi ótvírætt til, að Ó hafi orðið fyrir kynferðislegri misnotkun um borð í skipinu, en slæmt andlegt ástand hennar hafi haft mikil áhrif á það mat héraðsdóms, að framburður hennar taldist óstöðugur og ekki fullnægja sönnunarkröfum í refsímáli. Þá hafi dómendur talið töluverðar líkur á sekt stefnanda gagnvart broti á 196. gr. almennra hegningarlaga, en þeim hafi þótt varhugavert að miða við það með hliðsjón af óstöðugum vitnisburði Ó. Sé því engan veginn unnt að telja fremur líklegra, að stefnandi sé saklaus en sekur af þeirri háttsemi, sem greinir í 196. gr. alm. hgl. Miklu fremur má telja, að líklegra sé en ekki, að stefnandi hafi framið kynferðisbrot gagnvart konunni.

Þá heldur stefnandi því fram, að þvingunarráðstafanir þær, sem stefnandi var beittur við rannsókn og dómsmeðferð málsins, hafi verið löglegar og nauðsynlegar í skilningi 176. gr. laga nr. 19/1991, og hafi stefnandi ekki haldið því fram, að aðgerðirnar hafi verið á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt. Gæsluvarðhaldið hafi verið reist á 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, og hafi Hæstiréttur staðfest þá niðurstöðu. Sé bótaskilyrðum 176. gr. sömu laga því engan veginn fullnægt.

Stefndi rökstyður varakröfu sína svo, að miskabótakrafan sé örökstudd og engin gögn fram komin, sem styðji fullyrðingar stefnanda um slæm andleg áhrif þeirra ráðstafana, sem hann varð að hlíta. Þá sé dómkrafan úr hófi og ekki í samræmi við dómaframkvæmd.

Stefndi reisir málskostnaðarkröfu sína á XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Forsendur og niðurstaða.

Ekki verður fallist á, að 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar veiti stefnanda sjálfstæðan bótarétt, heldur verður að telja, að bótarétturinn sæti þeim takmörkunum, er ráða má af XXI. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, að virtum öllum atvikum máls þessa.

Upplýst var við meðferð sakamáls þess, er rekið var gegn stefnanda, að af niðurstöðum DNA-rannsókna væri ljóst, að stefnandi hefði haft samfarir um leggöng við Ó og fellt til hennar sæði. Segir í dóminum, að telja verði rannsóknina mjög öruggt sönnunargagn og að mati sérfróðs meðdómara

hafi ekkert komið fram, sem rýri sönnunargildi hennar í málinu. Málalíbúnaður stefnanda hefur ekki lotið að því að hnekkja þessari rannsókn, en við munnlegan flutning málsins var því hreyft af hálfu stefnanda, að vafi kynni að leika á áreiðanleika umræddrar rannsóknar. Þessarar málsástæðu var ekki getið í stefnu, og verður að hafna henni sem of seint fram kominni.

Þegar stefnandi var úrskurðaður í gæsluvarðhald, var hann undir sterkum grun um að hafa framið brot, sem að lögum gat varðað fangelsi ekki skemur en eitt ár og allt að 16 árum, sbr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Lagaskilyrðum fyrir gæsluvarðhaldi stefnanda var því fullnægt, sbr. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, enda staðfesti Hæstiréttur Íslands tvívegis gæsluvarðhald hans. Þar sem stefnandi hefur ekki haldið því fram, að þvingunar- aðgerðir gagnvart honum hafi verið á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt, verður bótaréttur stefnanda því eigi reistur á 176. gr. laga nr. 19/1991.

Stefnandi hefur þrátt fyrir niðurstöðu DNA-rannsóknar neitað því að hafa haft nokkur samskipti við Ó. Þar sem telja verður með hliðsjón af framansögðu, að umrædd rannsókn sé óyggjandi sönnunargagn um, að stefnandi hafi haft samfarir við Ó, er ljóst, að stefnandi hefur orðið ber að ósannindum við meðferð sakamálsins á hendur honum, sbr. a-lið 1. mgr. 175. gr. laga nr. 19/1991.

Kemur þá til álita, hvort stefnandi eigi rétt á bótum, þrátt fyrir það að skilyrðum a-liðar 175. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 177. gr. sömu laga, sé ekki fullnægt. Samkvæmt framansögðu veltur bótaréttur stefnanda í máli þessu á því, hvort fremur megi telja hann líklegan til að vera saklausan af þeirri háttsemi, er hann var borinn, en sekan. Konan Ó hefur við meðferð umrædds sakamáls lýst því, hvernig að minnsta kosti tveir skipverjar neyddu hana til samræðis með hrottafengnum hætti. Samkvæmt niðurstöðu DNA-rannsóknar er ljóst, að allt að sex karlmenn höfðu kynmök við Ó. Framburður Ó um það, sem gerðist á skipinu, er um margt óljós, en hafa ber í huga ölvunarástand hennar og andlegt ástand við komu á neyðarmóttöku, en samkvæmt mati læknið sætti hún kynferðislegri misnotkun. Ó lýsti því við aðalmeðferð sakamálsins, að stefnandi hefði verið síðastur í röð þeirra manna, er höfðu kynmök við sig, en hún taldi hann hafa reynt að hafa mök við sig í endaparm. Stefnandi hefur hins vegar ekki séð ástæðu til þess að tjá sig um kynferðisleg samskipti sín við Ó, þrátt fyrir það að niðurstaða DNA-rannsóknar bendi til þess með óyggjandi hætti, að hann hafi felld til hennar sæði í leggöng. Samkvæmt öllu framansögðu verður því ekki talið líklegra, að stefnandi sé saklaus en sekur af þeirri háttsemi að hafa framið kynferðisbrot gagnvart konunni Ó. Verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Samkvæmt 178. gr. laga nr. 19/1991 greiðist kostnaður stefnanda af málinu, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Sigmundar Hannessonar hrl., 150.000 krónur, úr ríkissjóði. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefndi, íslenska ríkið, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Malkhaz Nanava, í máli þessu.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Sigmundar Hannessonar hrl., 150.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.
